

Ed.

272. Frumvarp til laga

[111. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- og eignarskatt, og lögum nr. 36 29. maí 1958, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

6. gr. laga nr. 46/1954 I. töluliður orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

Enginn skattur greiðist af hreinum tekjum einstaklinga undir 50 þús. kr., hjóna, sem skattlögð eru sameiginlega, undir 70 þús. kr., og hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi, undir 35 þús. kr. hjá hvoru.

Af fyrstu 10 000 kr. skattgjaldstekna greiðist	5 %
— 10 000— 30 000 kr. greiðist	500 kr. af 10 000 kr. og 10 % af afgangi
— 30 000— 50 000 — —	2 500 — — 30 000 — — 15 % — —
— 50 000— 70 000 — —	5 500 — — 50 000 — — 20 % — —
— 70 000— 90 000 — —	9 500 — — 70 000 — — 25 % — —
— 90 000— 110 000 — —	14 500 — — 90 000 — — 30 % — —

Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

2. gr.

10. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

a-liður, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1959, fellur niður og breytast greinarliðir samkvæmt því.

k-liður (verður j-liður), síðasti málsliður 2. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b, orðist þannig:

Aldrei kemur þó hærrí upphæð til frádráttar en 15 000 kr.

k-liður (sem verður j-liður) 3. mgr. sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b. orðist þannig:

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 þús. kr. að viðbættum kr. 2000.00 fyrir hvert barn.

l-liður (verður k-liður) orðist svo:

Kostnaður við stofnun heimils skal dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema kr. 20 000.00. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

3. gr.

11. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

2. másl. 2. málsgr. orðist svo:

Séu tekjurnar meiri en 10 þús. kr. er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

4. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 5. gr. b., orðist svo:

Nú aflar kona skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, er hjónin, annaðhvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka, að verulegu leyti, og hagfelldara er fyrir hjónin, að þær tekjur séu sérstaklega skattlagðar en að frádrátturinn, sem j-liður 10. gr. heimilar, gildi um þær, og geta hjónin krafizt þess, að skattgjald verði lagt á þau sitt í hvoru lagi samkvæmt 6. gr. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

4. gr.

12. gr. laga nr. 46/1954 orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, má draga 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangsverður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkvæmt 6. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, ákvað hún „að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.“

Með bréfi, dags. 8. janúar 1960, skipaði fjármálaráðherra eftirgreinda menn í nefnd til að endurskoða öll gildandi lög um tekju- og eignarskatt:

Björn Ólafsson, fyrrv. ráðherra, sem er formaður nefndarinnar.

Gísla Jónsson, alþingismaður.

Jón Þorsteinsson, alþingismaður.

Ólaf Björnsson, alþingismaður.

Sigurð Ingimundarson, alþingismaður.

Svavar Pálsson, endurskoðanda.

Enn fremur var ákveðið, að Sigtryggur Klemensson, ráðuneytisstjóri, skuli taka sæti í nefndinni, þegar fjallað er um þau atriði, er varða framkvæmd skattamála.

Vegna hins viðtæka verkefnis nefndarinnar var ljóst, að ekki yrði unnt að leggja fyrir Alþingi, er nú situr, nema nokkrar breytingar á skattalögunum, er helzt væru aðkallandi. Ein af þessum breytingum var fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Er gerð grein fyrir þeirri breytingu og öðrum breytingum, sem standa í sambandi við hana, í eftirfarandi athugasemdum. Að öðru leyti mun nefndin halda áfram heildarendurskoðun sinni á lögunum með það fyrir augum að geta afhent tillögur sínar nógu tímanlega fyrir næsta Alþingi.

Hér fara á eftir athugasemdir um hverja grein:

Um 1. gr.

Breytingar þær, sem hér eru gerðar á skattstígum, og ákvæði 12. gr. um skattfrjálsan tekjufrádrátt, miða að lögfestingu þeirrar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Við ákvörðun á skattfrjálsum tekjum þótti sjálfsagt að taka verulegt tillit til fjölskylduframfæris. Með tilliti til þessa þótti ekki fært að afnema með öllu tekjuskatt af einstaklingum með hærri tekjur en 50 þús. Skattfrjálsar tekjur hjóna verða

70 þús., og síðan hækka skattfrjálsar tekjur um 10 þús. fyrir hvert barn. Hjón með tvö börn verða þá skattfrjáls, þó að þau hafi 90 þús. kr. tekjur, og hjón með 4 börn fá skattfrjálsar 110 þús. kr. Það má því segja, að tekjuskattur sé algerlega afnuminn af venjulegum launatekjum, nema að því leyti, er nauðynlegt þótti til jöfnunar á aðstöðu manna vegna mismunandi framfærslubyrði.

Í núgildandi lögum eru skattstigar tveir, fyrir einstaklinga og fyrir hjón. En þar sem nú er gert ráð fyrir, að skattar af venjulegum launatekjum séu að mestu afnumdir og skattfrjáls frádráttur vegna barna verði tvöfaldaður, þótti ekki ástæða til þess að hafa nema einn skattstiga.

Skattstigar þeir, sem nú er lagt til að falli niður, risu mjög hægt af fyrstu 40 þús. kr. skattskyldra tekna, og var það nauðsyn vegna þess, að persónufrádráttur var í algeru ósamræmi við framfærslukostnað og þurftartekjur skattlagðar. Nú verður tekjuskatti aðeins haldið við á hátekjum, og þótti því rétt að láta skattstigana rísa í fyrstu nokkuð örar en áður var, en að öðru leyti er skattstigin mjög svipaður þeim eldri. Vegna hins riflega skattfrjálsa frádráttar lækka þó skattar af öllum tekjum mjög verulega. Má því ætla, að breytingin, ef samþykkt verður, nái þeim tilgangi, sem m. a. er til ætla, að óhófleg skattlagning dragi ekki úr vilja manna til framtaks og vinnusemi.

Um 2. gr.

1. a-liður.

Á Alþingi 1959 var samþykkt að undanþiggja skatti atvinnutekjur, er skattþegn hefur aflað sér með eftir- nætur- og helgidagavinnu við störf í þágu útflutnings- framleiðslunnar.

Tilgangur þessa lagaákvæðis mun hafa verið sá, að koma í veg fyrir, að menn af skattaástæðum yrðu ófúsir til þess að vinna slíka yfirvinnu. Þar sem nú er ákveðin stórfelld lækking á tekjuskatti almennt er eigi jafnmikil ástæða til þess og áður að veita nefnda undanþágu frá skattskyldu.

Það hefur ennfremur komið í ljós, að mjög miklir örðugleikar eru á framkvæmd þessa lagaákvæðis. Oft er mjög erfitt að greina milli venjulegrar dagvinnu og yfirvinnu, auk þess sem erfitt er að skilgreina hvað séu „bein störf við framleiðsluvörur sjálfa“ eins og í lögnum segir. Mörg fyrirtæki framleiða jöfnum höndum fyrir innlendan og erlendan markað, þannig að ókleift virðist að aðgreina að hve miklu leyti yfirvinna, sem unnin er hjá slíkum fyrirtækjum, sé í þágu útflutnings eða framleiðslu fyrir innlendan markað. Má þar til nefna sláturhúsin sem dæmi. Af þessum ástæðum er lagt til, að a-liður 10. gr. verði felldur niður.

Tekið skal fram, að skattfríðindin, sem felld eru niður samkvæmt þessum lið, gilda ekki um tekjur, sem aflað er á árinu 1959 og þá að sjálfsögðu ekki heldur um tekjur, sem aflað er 1960.

2. k-liður, 2. og 3. málgr.

Frádráttur samkvæmt þessum lið hefur verið miðaður við persónufrádrátt, sem nú er í lögum, en er nú tilgreindur með ákveðinni fjárhæð, sökum þess að persónufrádrátturinn fyrir einstaklinga og hjón skv. 12. gr. fellur nú niður.

3. l-liður. Sama skýring og við k-lið.

Um 3. gr.

Breytingin á 2. málgr. er gerð vegna hækkunar á frádrætti fyrir skylduómaga. Breytingin á 4. málgr. er afleiðing af breytingu á 6. gr.

Um 4. gr.

Með þessari breytingu á 12. gr. laga nr. 46/1954 er persónufrádráttur felldur niður, en frádráttur fyrir börn og skylduómaga er hækkaður úr kr. 4500.00 upp í kr. 10000.00 fyrir barn. Enn fremur fellur niður ákvæðið um kaupgjaldsvísitölu.